

REGLUGERÐ

um stofnun rannsóknastöðu í fornleifafræði við Þjóðminjasafn Íslands í minningu dr. Kristjáns Eldjárns.

1. gr.

Við Þjóðminjasafn Íslands skal vera sérstök rannsóknastaða, tengd nafni dr. Kristjáns Eldjárns fyrrum þjóðminjavarðar og forseta Íslands, og er hún stofnuð 6. desember 1986, þegar liðin eru 70 ár frá fæðingu hans.

2. gr.

Staðan er ætluð fræðimönnum er sinna rannsóknum á íslenskum fornminjum eða öðrum þáttum íslenskrar menningarsögu sem falla undir verksvið Þjóðminjasafnsins.

Þeir sem stöðunni gegna taka laun eftir launaflokki deildarstjóra Þjóðminjasafnsins sem lausráðnir sérfræðingar.

3. gr.

Ráðið skal í stöðuna til eins árs að jafnaði, og má framlengja ráðningu um allt að eitt ár í senn. Þó verði ráðningartími aldrei lengri en þrjú ár samfellt. Staðan skal auglýst, og ræður menntamálaráðherra í hana að fenginni tillögu þjóðminjavarðar.

4. gr.

Að ráðningartímabili loknu skal sérfræðingurinn birta fræðilega skýrslu eða vísindalega ritgerð um rannsóknir sínar.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt þjóðminjalögum, nr. 52/1969, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 6. desember 1986.

Sverrir Hermannsson.

Knútur Hallsson.